

Umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra
Guðlaugur Þór Þórðarson
Skuggasundi 1
101 Reykjavík



Heill og sæll ágæti ráðherra og til hamingju með nýjan ráðherrastól

Við hjá Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, SSNE, viljum vekja athygli þína á starfsemi okkar, Sóknaráætlun landshlutans, aðgerðaráætlun og helstu verkefnum, í þeirri von að þú sjáir tækifæri til aukins samstarfs milli ráðuneytisins og landshlutasamtakanna. Þar sem að við gerum ráð fyrir því að töluvert sé umleikis hjá þér, þá byrjum við á því allra helsta, en neðar í póstinum má sjá nánari upplýsingar og ítarefni, ef þú fyllist eldmóði og áhuga á starfi okkar.

Í stuttu máli eru 12 sveitarfélög aðilar að SSNE, hjá okkur starfa 12 einstaklingar í ólíkum verkefnum á sex stöðum á svæðinu. Okkar stærsta verkefni er að horfa til sóknar og eflingar landshlutans. Það gerum við með öflugu samráði við fjölbreyttan hóp hagaðila og í gegnum farveg styrkja Uppbyggingarsjóðs og áherlsuverkefna. Ítrekað hefur ríkisvaldinu verið hrósað á þessum vettvangi fyrir að veita okkur heimafélki tækifæri til þess að hafa áhrif á og móta okkar eigin framtíð með þessum hætti. Við, líkt og önnur landshlutasamtök, höfum bætt umhverfismálum við sem okkar þriðju grunnstoð Sóknaráætlunar. Dæmi um verkefni SSNE sem tengjast þínu ráðuneyti eru t.d.:

- Gera hagkvæmnimat á líforkuveri í landshlutanum
- Áhersla á að tryggja magn og gæði raforku inn á svæðið
- Auka hlutdeild þeirra sem búa við þrífasa rafmagnstengingu
- Auka og bæta orkunýtingu í landshlutanum með sérstaka áherslu á jarðvarma
- Vinna að stefnumótun við uppbyggingu hringrásarhagkerfis
- Kortleggja mögulega orkugjafa og móta stefnu um nýtingu þeirra
- Gera fræðsluáætlun varðandi umhverfis- og loftslagsmál sem sveitarfélög og aðrir hagaðilar geta nýtt sér
- Gera stöðumat í landshlutanum hvað varðar losun og möguleika til bindingar og kolefnisjöfnunar
- Gera aðgerðaráætlun til að mæta markmiðum um að draga úr losun
- Gera aðgerðaráætlun um orkuskipti í vegasamgöngum í landshlutanum
- Samræma flokkun sorps, draga úr urðun og minnka sóun
- Hvetja til nýsköpunar í nýtingu úrgangs og auka verðmætasköpun

Við höfum rýnt nýjan stjórnarsáttmála, í tengslum við hann hafa nokkrar spurningar vaknað sem gott gæti verið að fá samtal eða svör við t.d.:

- Töluverðar umræður hafa verið á okkar vettvangi um sérstöðu landsbyggðanna í loftslagsmálum og orkuskiptum. Í stjórnarsáttmálanum kemur fram að unnin verði áætlun um að efla og þróa rannsóknir og þekkingu á sviði grænna lausna í þágu atvinnulífs og alþjóðlegra verkefna í samstarfi við alþjóðlega aðila. Við veltum því fyrir okkur í því samhengi hvort að æskilegt gæti

verið að horfa sérstaklega á alþjóðlegt/norrænt samstarf dreifðari byggða sem gætu verið að glíma við sambærilegar áskoranir.

- Öll landshlutasamtök skoruðu á fyrrverandi umhverfisráðherra að koma með fjármagn í farveg sóknaráætlana í tengslum við umhverfismál. Af því varð þó ekki, sér nýr ráðherra fyrir sér stefnubreytingu í þeim efnum? Í stjórnarsáttmálanum kemur fram að unnið verði að eflingu sóknaráætlana landshlutanna.
- Töluvert er rætt um nýtingu vindorku í landshlutanum, þá ekki síst á Langanesi. Getur SSNE gagnast í samstarfi og samráði í þeim efnum?

Nánar um SSNE:

- **Fjármögnun**
 - SSNE hefur fengið fjármagn frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Byggdastofnun, Jöfnunarsjóði og sveitarfélögum á svæðinu. Hjá samtökunum starfa 12 einstaklingar á nokkrum starfsstöðvum: á Akureyri, Húsavík, Fjallabyggð, Raufarhöfn og að hluta á Bakkafirði og Grímsey. Sum verkefni tengjast Brothættum byggðum og önnur samstarfsverkefni SSNE og sveitarfélaga á svæðinu.
- **Áhersla á samráð og samstarf**
 - SSNE hefur lagt mikla áherslu á að tryggja öflugt samráð við hagaðila, enda erum við þess fullviss að bestur árangur næst þegar sem flestir róa í sömu átt. Við horfum sérstaklega til samráðs og samstarfs við hagaðila í landshlutanum, auk þess að horfa sérstaklega til stefnumörkunar ríkisvaldsins. Að sama skapi leggjum við ríka áherslu á samstarf við önnur landshlutasamtök.
- **Fagråd umhverfismála SSNE**
 - SSNE leggur gríðarlega mikla áherslu á umhverfismál. Innan SSNE er starfandi fagråd umhverfismála og ráðinn hefur verið starfsmaður sem sinnir umhverfismálum sérstaklega.
- **Eimur:**
 - SSNE, í samstarfi við Landsvirkjun, Orkuveitu Húsavíkur og Norðurorku, styðja við starfsemi Eims, sem er þróunar og nýsköpunardeild svæðisins á sviði sjálfbærni, grænnar orku og bættrar auðlindanýtingar: <https://www.eimur.is>
- **Vistorka**
 - SSNE á í töluverðu samstarfi við Vistorku, sem er í eigu Norðurorku, en markmið þeirra er að stuðla að framleiðslu umhverfisvæns eldsneytis með sjálfbærri nýtingu hráefnis sem fellur til á Eyjafjarðarsvæðinu. www.vistorka.is
- **Sóknaráætlun**
 - Hér má sjá gildandi Sóknaráætlun landshlutans: <https://www.ssne.is/static/files/Arstthing/2021/12.0-soknaraetlun-2020-2024-endurskodun-2021.pdf>
- **Aðgerðaráætlun Sóknaráætlunar**
 - Hér má sjá gildandi aðgerðaráætlun, árangursmælikvarða og tímasetningar: <https://www.ssne.is/static/files/Arstthing/2021/13.0-adgerdaetlun-fyrir-soknaraetlun-ne-2020-2024.pdf>
- **Fréttabréf**
 - Við hvetjum þig til að gerast áskrifandi af fréttabréfinu okkar sem kemur út mánaðarlega, þar færðu með einföldum hætti upplýsingar um allt það helsta hjá okkur (https://www.ssne.is/is/skraning-a-postlista?fbclid=IwAR3PpElqgy5XGAFdZFW5P10g75HW7Bn2_-w7ByMxvQlpECvFtOhUIHlvD8)

Með von um gott samstarf

Kær kveðja

Eyþór Björnsson, framkvæmdastjóri SSNE

Hilda Jana Gísladóttir, stjórnarformaður SSNE